

Íbúaráð Grafarvogs

Ár 2023, mánudagurinn, 8. maí, var haldinn 39. fundur íbúaráðs Grafarvogs. Fundurinn var haldinn í Austurmiðstöð og hófst kl. 16.32. Eftirtaldir fulltrúar voru viðstaddir: Fanný Gunnarsdóttir, Árni Guðmundsson, Erla Bára Ragnarsdóttir, Ingimar Þór Friðriksson, Kjartan Magnússon og Tómas Örn Guðlaugsson. Fundinn sátu einnig Heimir Snær Guðmundsson sem ritaði fundargerð og Ragnar Harðarson.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu, dags. 26. apríl 2023, vegna aðkomu íbúaráða að fjárfestinga- og viðhaldsáætlunum 2024-2028 ásamt fylgiskjöllum. MSS23040215
Samþykkt að fela formanni að skila tillögum íbúaráðs Grafarvogs vegna aðkomu að fjárfestinga- og viðhaldsáætlun 2024-2028 fyrir 31. maí nk.
2. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 24. apríl 2023, vegna auglýsinga á tillögu að breyttu deiliskipulagi Vagnhöfða 29. SN220544
3. Lagt fram svar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 5. apríl 2023, um framkvæmd verkefnisins rafræn vöktun í Hverfið mitt, sbr. 8. liður fundargerðar íbúaráðs Grafarvogs frá 3. apríl 2023. MSS23040029

Fulltrúi íbúasamtaka leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Íbúasamtaka Grafarvogs furðar sig á svari borgarritara við spurningu Íbúaráðs Grafarvogs þann 3.4. sl. um framgang verkefnisins „rafræn vöktun“ frá 2018 sem kosin var og samþykkt í kosningunni Betri hverfi. Áréttað skal að verkefnið var samþykkt til framkvæmdar eftir lýðræðislega kosningu íbúa eftir leikreglum borgarinnar. Engin rök liggja fyrir um hvers vegna ekki á að framkvæma verkefnið. Íbúasamtök Grafarvogs skora á borgaryfirvöld að framkvæma þetta lýðræðislega kjörna og samþykkt verkefni sem allra fyrst.

4. Lögð fram að nýju ályktunartillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokks og fulltrúa íbúasamtaka, dags. 3. apríl 2023, um bankapjónustu við Bíldshöfða, sbr. 4. liður fundargerðar ráðsins frá 3. apríl. MSS22090034
Samþykkt.
5. Fram fer umræða um málefni hverfisins. MSS22090034
6. Lagðar fram til afgreiðslu umsóknir í Hverfissjóð Reykjavíkurborgar. MSS22040019

Samþykkt að veita Foreldrafélagi Húsaskóla styrk að upphæð kr. 60.000 vegna verkefnisins Vorhátíð Húsaskóla.

Samþykkt að veita Frjálsíþróttadeild Fjölnis styrk að upphæð kr. 45.000 vegna verkefnisins Fjölnishlaup Olís.

Samþykkt að veita Íbúasamtökum Grafarvogs styrk að upphæð kr. 200.000 vegna verkefnisins 17. júní í Grafarvogi.

Samþykkt að veita Katrínu Björgu Fjeldsted styrk að upphæð kr. 45.000 vegna verkefnisins Með Mínum Augum.

Samþykkt að veita Skákdeild Fjölnis styrk að upphæð kr. 50.000 vegna verkefnisins Sumarskáknot Fjölnis og Austur.

Samþykkt að veita Hildi Jónsdóttur styrk að upphæð kr. 200.000 vegna verkefnisins Vor og uppskeruhátíð fyrir félagsstarfið í Borgum.

Öðrum umsóknum hafnað.

Fulltrúi íbúasamtaka víkur af fundi við afgreiðslu umsóknar Íbúasamtaka Grafarvogs.

Þessi liður fundarins var lokaður með vísan til 7. gr. samþykktar fyrir íbúaráð Reykjavíkurborgar.

Fundi slitið kl. 17:59

Fanný Gunnarsdóttir

Ingimar Þór Friðriksson
Kjartan Magnússon
Tómas Örn Guðlaugsson

Árni Guðmundsson
Erla Bára Ragnarsdóttir